REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiðum á Meðallandsbug.

1. gr.

Frá og með 31. júlí 1992 til og með 31. ágúst 1992 eru allar dragnótaveiðar bannaðar á Meðallandsbug á svæði sem að austan markast af 17°30′0 V og að sunnan af 63°36′0 N.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. júlí 1992.

F. h. r.
Þórður Eyþórsson.

Kristján Skarphéðinsson.